

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins

Afkvæmarannsóknir vegna sæðingastöðvanna 2018

Niðurstöður

Hestur, Borgarfirði

| Nafn | Númer | Faðir nafn | Faðir númer | Ómmælingar | | | Brjóstkassi | | | | Mat á skrokkum | | | | Kjötmat | | | | Aldur |
|------------------|--------|------------|-------------|-------------|------------|------------|--------------|--------------|-------------|-------------|----------------|------------|-------------|-------------|-------------|-------------|-------------|------------|-------|
| | | | | Vöðvi | Fita | Lögun V | Vídd | Dýpt | Lögun | Framp. | Læra | Fitup. | Fall- | Vaxtar- | Fitu- | Hlutfall | kjöt | | |
| | | | | | | | Th | V/Th | stig | stig | J-mál | þungi | Gerð | Fita | Gerð/Fita | % | | | |
| Leynir | 16-522 | Kúði | 14-549 | 28,2 | 2,4 | 3,9 | 171,8 | 260,1 | 66,3 | 4,48 | 4,52 | 8,4 | 17,1 | 11,2 | 5,6 | 2,00 | 41,1 | 139 | |
| Boli | 17-777 | Steðji | 15-727 | 28,5 | 2,3 | 4,0 | 170,1 | 265,4 | 64,5 | 4,15 | 4,04 | 6,9 | 16,5 | 9,6 | 5,1 | 1,87 | 40,7 | 136 | |
| Blakkur | 17-778 | Móri | 15-740 | 28,4 | 2,3 | 3,7 | 169,2 | 262,7 | 64,7 | 4,31 | 4,28 | 7,7 | 16,5 | 10,1 | 5,2 | 1,93 | 40,9 | 138 | |
| Glæðir | 17-779 | Koli | 16-754 | 28,5 | 3,0 | 3,8 | 170,9 | 264,4 | 65,0 | 4,26 | 4,15 | 8,6 | 17,9 | 10,0 | 5,8 | 1,71 | 42,8 | 137 | |
| Drjúgur | 17-808 | Drambur | 16-756 | 28,6 | 2,5 | 3,8 | 171,3 | 260,7 | 66,0 | 4,35 | 4,18 | 8,2 | 18,0 | 10,3 | 5,4 | 1,90 | 41,7 | 139 | |
| Glæpon | 17-809 | Durtur | 16-994 | 27,9 | 2,7 | 3,7 | 169,6 | 260,4 | 65,4 | 4,37 | 4,15 | 7,9 | 17,3 | 10,0 | 6,0 | 1,68 | 41,9 | 135 | |
| Gígur | 17-784 | Höfði | 16-759 | 27,9 | 3,1 | 3,8 | 172,1 | 262,5 | 66,0 | 4,28 | 4,16 | 9,0 | 18,1 | 10,2 | 6,1 | 1,66 | 41,5 | 136 | |
| Hver | 17-785 | Höfði | 16-759 | 29,3 | 2,7 | 4,0 | 171,5 | 267,8 | 64,4 | 4,24 | 4,15 | 7,8 | 17,4 | 9,7 | 5,8 | 1,68 | 41,2 | 139 | |
| Hlykkur | 17-787 | Krókur | 16-768 | 27,6 | 2,6 | 3,9 | 172,9 | 261,7 | 66,5 | 4,38 | 4,28 | 7,8 | 17,3 | 10,6 | 5,6 | 1,89 | 40,6 | 137 | |
| Köggull | 17-810 | Klumpur | 16-772 | 30,1 | 2,5 | 4,0 | 166,8 | 264,6 | 63,4 | 4,2 | 4,14 | 8,0 | 17,6 | 10,1 | 5,7 | 1,78 | 42,8 | 138 | |
| Runni | 17-794 | Burkni | 13-951 | 27,4 | 2,9 | 3,9 | 167,7 | 265,9 | 63,2 | 4,28 | 4,2 | 9,2 | 16,8 | 9,9 | 5,7 | 1,73 | 41,8 | 137 | |
| Beint mt. | | | | 28,4 | 2,6 | 3,9 | 169,4 | 263,2 | 64,4 | 4,29 | 4,22 | 8,1 | 16,9 | 9,91 | 5,59 | 1,77 | 41,5 | 138 | |

Að þessu sinni var einn aðkomuhrútur sem keppti á móti veturgömlu hrúتونum á Hesti. Það var Leynir 16-522 frá Haukatungu syðri 2. Leynir er sonarsonur Salamons 10-906 frá Hömrum og dóttursonur Saums 12-915 frá Ytri-Skógum. Leynir kom glymrandi vel út úr rannsókninni og skilað bestri flokkun sláturlamba. Því miður er þessi öflugur hrútur fallinn og kom því ekki til álita við val stöðvahrúta í haust. Valdir voru þrjú hrútar fyrir stöðvarnar, það voru þeir Drjúgur 17-808, Glæpon 17-809 og Köggull 17-810.

Stóra-Vatnshorn, Haukadall

| Nafn | Númer | Faðir Nafn | Faðir Númer | Eink. Fallþ. | Eink. kjötmat | Eink. líflömb | Eink. Heild | Fallþ. | Gerð | Fita | Ómv. | Ómf. | Læri | Aldur |
|---------|--------|------------|-------------|--------------|---------------|---------------|------------------|--------|------|------|------|------|------|-------|
| Fleki | 16-006 | Dúddi | 14-699 | 99,9 | 128,8 | 155,1 | 127,9 | 19,2 | 10,9 | 7,7 | 29,7 | 2,8 | 17,9 | 127,5 |
| Frami | 16-007 | Dúddi | 14-699 | 97,0 | 110,9 | 153,2 | 120,4 | 18,9 | 10,3 | 7,7 | 30,3 | 2,6 | 17,7 | 123,8 |
| Simbi | 16-088 | Klettur | 15-743 | 107,5 | 120,2 | 124,5 | 117,4 | 19,9 | 10,8 | 7,8 | 29,2 | 3 | 17,8 | 126,9 |
| Svabbi | 16-656 | Dúddi | 14-699 | 103,8 | 96,2 | 116,4 | 105,5 | 19,5 | 9,6 | 7,7 | 29,2 | 3,1 | 17,5 | 127,1 |
| Ljómi | 16-033 | Steðji | 13-007 | 100,6 | 97,9 | 92,1 | 96,9 | 19,2 | 9,5 | 7,5 | 28,1 | 3,2 | 17,3 | 125,5 |
| | 16-030 | Bikar | 14-015 | 99,0 | 87,2 | 86,6 | 90,9 | 19,1 | 8,8 | 7,3 | 27,1 | 2,7 | 17,3 | 125,1 |
| | 17-039 | Burkni | 13-951 | 92,4 | 64,5 | 68,9 | 75,3 | 18,5 | 8,9 | 8,2 | 27,1 | 3,7 | 17,4 | 123,1 |
| | 17-040 | Frami | 16-007 | 95,3 | 96,7 | 63,2 | 85,1 | 18,7 | 9,6 | 7,7 | 27,2 | 3,8 | 17,3 | 127,3 |
| Dalamon | 14-333 | Salamon | 10-906 | 105,4 | 101,6 | 46,9 | 84,6 | 19,6 | 9,8 | 7,7 | 25,9 | 3,3 | 17,3 | 126,5 |
| | | | | | | | Meðaltal: | 19,2 | 9,8 | 7,7 | 28,1 | 3,1 | 17,5 | 125,9 |

Á Stóra-Vatnshorni voru í samanburði 3 hálfbræður frá Hlíð í Hörðudal synir Dúdda 14-699. Dúddi sýndi mest útslag allra hrúta á landinu í afkvæmarannsóknum haustið 2016, en hann varð því miður ekki langlífur. Nokkrir synir hans komu síðan fram haustið 2017 með glæsilega útkomu í afkvæmarannsóknum og voru þeir álitlegustu síðan valdir í þessa afkvæmarannsókn. Þeir Fleki 16-006 og Frami 16-007 komu báðir frábærlega út í þessari afkvæmarannsókn en hvorugur þeirra lifði nóg lengi til að komast í hóp sæðingastöðvahrúta. Svabbi 16-656, til heimilis að Harrastöðum, sýndi hinsvegar ekki nægilega yfirburði til að koma til álita. Þá var prófaður í þessari rannsókn hrútur sem fenginn var að láni frá Vatni í Haukadall, Simbi 16-088. Simmi var frá Hesti sonarsonur Bekra 12-911 og útaf Gosa 09-850 og Grábotna 06-833 í

Afkvæmarannsóknir vegna sæðingastöðvanna

móðurætt. Þessi hrútur átti mjög sterkan afkvæmahóp en honum entist ekki aldur til að verða falaður af stöðvunum. Dalamon 14-333 var fenginn að láni frá Háafelli í Dölum en afkvæmi hans voru nokkuð undir meðaltali fyrir bakvöðva og sýndu enga yfirburði í flokkun sláturlamba. Hér var því niðurstaðan sú að enginn hrútur var tekinn inn á stöðvarnar þar sem topparnir úr rannsókninni voru allir fallnir í valinn.

Miðdalsgröf, Steingrímsfirði

| Nafn | Númer | Faðir Nafn | Faðir Númer | Eink. Fallþ. | Eink. kjötmat | Eink. líflömb | Eink. Heild | Fallþ. | Gerð | Fita | Ómv. | Ómf. | Læri | Aldur |
|--------|--------|------------|-------------|--------------|---------------|---------------|------------------|--------|------|------|------|------|------|-------|
| Kappi | 16-301 | Krapi | 13-940 | 100,6 | 110,6 | 111,4 | 107,5 | 18,9 | 10,4 | 5,9 | 29,3 | 2,6 | 17,6 | 127,1 |
| Guðni | 17-814 | Glæsir | 16-081 | 97,2 | 113,1 | 112,0 | 107,4 | 18,5 | 11 | 6,4 | 29,6 | 2,9 | 17,7 | 128,6 |
| Greifi | 15-046 | Hnokki | 12-047 | 101,1 | 93,9 | 123,2 | 106,0 | 18,9 | 10,8 | 7,1 | 30,6 | 3,2 | 17,7 | 127,5 |
| Flótti | 15-232 | Sigurbogi | 14-113 | 98,7 | 91,6 | 122,6 | 104,3 | 18,7 | 9,7 | 6,2 | 29,4 | 2,5 | 17,7 | 130,5 |
| Dúlli | 17-813 | Börkur | 15-077 | 105,7 | 103,3 | 95,2 | 101,4 | 19,7 | 11,7 | 7,5 | 28,8 | 3 | 17,8 | 132,2 |
| Kubbur | 17-337 | Hnöttur | 14-125 | 95,8 | 100,3 | 105,5 | 100,5 | 18,4 | 10,7 | 6,8 | 29 | 2,6 | 17,7 | 130,7 |
| Geisli | 15-344 | Grímur | 14-037 | 99,9 | 95,8 | 88,1 | 94,6 | 18,8 | 10,4 | 6,7 | 28,1 | 2,6 | 17,6 | 130,8 |
| Ás | 16-162 | Ásþór | 11-167 | 104,0 | 107,2 | 71,8 | 94,3 | 19,3 | 11,1 | 6,8 | 27,8 | 2,9 | 17,3 | 129 |
| Máni | 16-302 | Mangi | 15-347 | 98,0 | 91,5 | 73,2 | 87,6 | 18,6 | 10,3 | 6,7 | 27,8 | 2,7 | 17,3 | 126,2 |
| | | | | | | | Meðaltal: | 18,8 | 10,6 | 6,7 | 28,9 | 2,8 | 17,6 | 129,1 |

Í Miðdalsgröf var haldin afkvæmaprófun fyrir kollotta hrúta. Aðkomuhrútar voru þeir Flótti 15-232 frá Melum sem er til heimilis í Klúku, Greifi 15-046 frá Árbæ en til heimilis í Þorpum og Ás 16-162 frá Guðjóni á Heydalsá 2. Þá var einnig í prófuninni Lokkur 15-042 frá Árbæ en illa gekk að fá undan honum lömb og því datt hann út úr prófuninni. Afkvæmahóparnir voru flestir mjög glæsilegir, lömbin væn og vel gerð. Efstur samkvæmt heildareinkunn var heimahrútur, Kappi 16-301. Hann var þó ekki nægilega afgerandi m.t.t gerðar sláturlamba. Greifi 15-046 kom býsna vel út úr öllum þáttum og sérstaklega sterkur fyrir að gefa þykkar bakvöðva. Sigurbogasonurinn Flótti 15-232 kom vel út úr mati á lifandi lömbum en sláturhópurinn stóðst ekki væntingar. Ás 16-162 kom hinsvegar feykilega vel út úr mati á sláturlömbum en lambhrútahópurinn sem skoðaður var á fæti reyndist heldur þroskaminni en synir annarra hrúta og bakvöðvinn talsvert undir meðallagi í rannsókninni. Niðurstaðan var að heimahrútarnir Dúlli 17-813 og Guðni 17-814 voru valdir inn á stöðvarnar, en þeir áttu báðir glæsilega afkvæmahópa.

Leifsstaðir, Öxarfirði

| Nafn | Númer | Faðir Nafn | Faðir Númer | Eink. Fallþ. | Eink. kjötmat | Eink. líflömb | Eink. Heild | Fallþ. | Gerð | Fita | Ómv. | Ómf. | Læri | Aldur |
|---------|--------|---------------|----------------|-----------------|------------------|------------------|------------------|--------|------|------|------|------|------|-------|
| Hrólfur | 16-103 | Þræll | 15-100 | 104,6 | 118,0 | 117,4 | 113,3 | 16,4 | 10,3 | 6,6 | 29,6 | 2,2 | 17,4 | 122,5 |
| Eiríkur | 15-803 | Kölski | 10-920 | 91,4 | 114,3 | 124,1 | 110,0 | 15,5 | 9,8 | 6,1 | 30,1 | 2,5 | 17,5 | 128,5 |
| Ares | 15-777 | Zeus | 14-168 | 108,5 | 87,0 | 123,3 | 106,3 | 16,7 | 9,3 | 6,7 | 30,4 | 2,6 | 17,5 | 123,9 |
| Dímon | 14-288 | Danni | 12-923 | 98,1 | 111,4 | 93,6 | 101,0 | 16 | 9,9 | 6,4 | 28,6 | 2,3 | 17,2 | 125,6 |
| Friðrik | 17-785 | Jónas | 12-949 | 94,8 | 106,9 | 95,3 | 99,0 | 15,6 | 9,7 | 6,3 | 29 | 2,6 | 17,4 | 122,9 |
| Pengill | 17-788 | Morri | 14-782 | 104,6 | 97,9 | 92,6 | 98,3 | 16,5 | 9,8 | 6,8 | 28,1 | 2,2 | 17,3 | 122,6 |
| Dvergur | 16-101 | Grímur | 14-955 | 98,4 | 100,7 | 90,5 | 96,5 | 16 | 9,6 | 6,4 | 28,6 | 2,5 | 17,1 | 128,7 |
| Blöndal | 17-783 | Bergur | 13-961 | 105,0 | 80,7 | 102,5 | 96,0 | 16,5 | 9 | 6,6 | 29,3 | 2,5 | 17,3 | 122,6 |
| Ágúst | 17-786 | Hörður | 13-171 | 104,2 | 93,4 | 86,0 | 94,5 | 16,4 | 9,5 | 6,6 | 28,4 | 2,4 | 17,1 | 121,6 |
| Skúli | 17-781 | Þræll | 15-100 | 100,7 | 86,0 | 90,3 | 92,3 | 16,1 | 9,7 | 7,1 | 28,6 | 2,6 | 17,4 | 120,8 |
| Borgar | 16-177 | Eiríkur | 15-174 | 96,7 | 86,8 | 92,7 | 92,1 | 15,8 | 9,3 | 6,7 | 28,7 | 2,6 | 17,2 | 124,7 |
| Prins | 17-787 | Lási | 13-985 | 94,6 | 109,7 | 71,6 | 92,0 | 15,6 | 9,2 | 5,7 | 27,2 | 2,1 | 16,8 | 124,9 |
| | | | | | | | Meðaltal: | 16,1 | 9,6 | 6,5 | 29 | 2,4 | 17,3 | 124,5 |

Á Leifsstöðum voru fjórir aðkomuhrútar úr Öxarfirði í prófun. Það eru þeir Hrólfur 16-103 og Dvergur 16-101 frá Hafrafellstungu, Ares 15-777 frá Klifshaga og Dímon 14-288 frá Presthólum, staðsettur á Þverá. Hrólfur stóð efstur í þessum samanburði og stóð sig vel í öllum þáttum. Hann er kominn af sterkum gerðarhrútum en Þræll 15-100 faðir hans er sonur Hlunks 12-101 sem var í sigtinu sem stöðvarhrútur á sínum tíma. Hrólfi entist ekki aldur til að verða valinn til notkunar á stöð. Þeir Ares 15-777 og Dímon 14-288 reynust ekki með nógu heilsteyptar niðurstöður, Ares skilaði þykkasta bakvöðvanum. Gerð sláturlamba reyndist undir meðallagi en ekkert E lamb var í hópnum. Dímon kom hinsvegar vel út úr flokkun sláturlamba en bakvöðvinn var undir meðallagi og þá voru ekki mörg lífhrútsefni í hópnum. Eiríkur 15-803, sem stóð annar samkvæmt heildarstigum, var valinn fyrir sæðingastöðvarnar að lokinni rannsókn. Hann átti nokkur úrvals lífhrútsefni og kom vel út úr flokkun sláturlamba en fallþungi var þó undir meðallagi.

Skarð, Landssveit

| Nafn | Númer | Faðir Nafn | Faðir Númer | Eink. Fallþ. | Eink. kjötmat | Eink. líflömb | Eink. Heild | Fallþ. | Gerð | Fita | Ómv. | Ómf. | Læri | Aldur |
|--------|--------|---------------|----------------|-----------------|------------------|------------------|------------------|--------|------|------|------|------|------|-------|
| Raxi | 15-807 | Bursti | 12-912 | 102,8 | 106,8 | 126,9 | 112,2 | 15,7 | 9,2 | 4,9 | 27,6 | 2,5 | 17,5 | 151,1 |
| Sómi | 16-381 | Sari | 15-428 | 104,2 | 115,8 | 86,4 | 102,1 | 15,8 | 9,1 | 4,5 | 25,8 | 2,5 | 17,1 | 144,3 |
| Bíldur | 14-800 | Hængur | 10-903 | 93,1 | 93,2 | 117,6 | 101,3 | 14,8 | 8,2 | 4,6 | 26,9 | 2,1 | 17,4 | 150,4 |
| Blær | 14-398 | Bósi | 08-901 | 106,5 | 90,9 | 96,1 | 97,8 | 16,1 | 9 | 5,3 | 25,4 | 2,4 | 17,5 | 149,9 |
| Askur | 17-112 | Jökull | 15-110 | 99,6 | 96,5 | 96,6 | 97,6 | 15,5 | 8,5 | 4,7 | 25,7 | 2,1 | 17,1 | 147,3 |
| Sjóður | 17-408 | Börkur | 13-952 | 94,7 | 101,4 | 90,1 | 95,4 | 15 | 8,7 | 4,7 | 25,3 | 2,4 | 17,2 | 147,4 |
| Blossi | 16-158 | Bekri | 12-911 | 97 | 92,4 | 88,8 | 92,7 | 15,2 | 8,4 | 4,7 | 25,6 | 2,1 | 16,9 | 146,5 |
| | | | | | | | Meðaltal: | 15,5 | 8,8 | 4,8 | 26,1 | 2,3 | 17,2 | 148,1 |

Í Skarði voru fjórir aðkomuhrútar prófaðir. Það voru þeir Raxi 15-807 og Bíldur 14-800 frá Árbæjarhjáleigu, Blossi 16-158 frá Teigi og Askur 17-112 frá Kaldbak. Þessi afkvæmarannsókn leið fyrir óhagstætt árferði en lömbin komu óvanalega þroskalítill af fjalli. Raxi átti hér flest lífhrútsefnin og kom ennig sterkastur út úr kjötmati og stóð hann því afgerandi efstur í rannsókninni og var í framhaldi valin til notkunar á stöðvunum. Bíldur stóð langefstur samkvæmt einkunn fyrir skoðun á lífgimbrum og átti flestar ásettar gimbrar. Sláturlambahópurinn var hinsvegar þroskalítill. Bíldur var engu að síður valinn til notkunar á sæðingastöðvunum og var þá horft til mjög farsæls ferils sem hann hafði átt sem lambafaðir þar sem hann hafði ávalt skilað mjög góðri gerð og góðum þunga. Einnig var hort til þess að hann er svarfleckóttur.